

## Fundargerð

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, fimmtudaginn 15. desember 2016, kl. 12.00 í Norræna húsinu.

Mætt voru: Vilhjálmur Árnason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Elínborg Sturludóttir og Salvör Nordal.

1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram og samþykkt.
2. *Fyrirlestrar í janúar og ársfundur.* Í framhaldi af síðasta stjórnarfundinum var haft samband við Sten Heckscher sem stýrði rannsókn á þætti rannsóknarstofnunar Karolinska vegna plastbarkamálsins. Hann getur ekki komið til landsins fyrr en 24. eða 25. janúar. Forstöðumaður hefur verið í sambandi við aðstoðarrektor Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur og hefur embætti rektors samþykkt að taka þátt í kostnaði við komu Stens. Einnig benti aðstoðarrektor á að Kjell Asplund sem stýrði rannsókninni á þætti sjúkrahúss Karolinska verði hér á landi á Læknadögum í janúar. Haft var samband við hann og hefur Kjell samþykkt að halda erindi um rannsókn sína í hádeginu 17. janúar. Hvorug þessara tímasetninga henta fyrir ársfund og því var rætt um mögulega dagskrá fyrir ársfund í byrjun janúar. Var ákveðið að fjalla um dýrasiðfræði ekki síst í vegna umræðu undanfarið um aðbúnað dýra hér á landi. Samþykkt var að leita til Jóns Karlmannssonar um að halda erindi og fá síðan í pallborð yfirdýralækni, fulltrúa frá Bændasamtökunum og fulltrúa dýraverndar. Stefnt að því að halda ársfundinn 5. janúar kl. 15.30.
3. Þýðing Jóns Ólafssonar á bók Øyvind Kvalnes *Siðfræði og samfélagsábyrgð* er komin út og haldið var útgáfuhóf af því tilefni 9. nóvember þar sem Øyvind hélt erindi. Einnig er komin út bók *Siðfræðikver* eftir Vilhjálmi Árnason. Til stendur að halda ráðstefnu tengda heimspeki Kristjáns Kristjánssonar í apríl n.k.
5. Rætt um stöðu rannsóknaverkefna. Styrkur fékkst frá Nordforsk vegna rannsóknar um notkun heilbrigðisupplýsinga í netheimum sem Siðfræðistofnun tekur þátt í. Ráðgert er að verkefnið hefjist næsta haust. Rætt stuttlega um stöðu annarra verkefna.
6. Stefnt að stjórnarfundinum næsta haust þar sem formaður stjórnar verður í rannsóknaleyfi á vormisseri.
7. Fundi slitið 13.15